

Kaup Viking Car Rental ehf. á hluta reksturs Amazingtours ehf.

1. Þann 6. desember 2023 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Viking Car rental ehf. (hér eftir „Viking“) á hluta reksturs Amazingtours ehf. (hér eftir „Amazingtours“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020, og upplýsti eftirlitið að samrunatilkynning teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 7. desember 2023.
2. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Með kaupsamningi eignast Viking þann hluta reksturs Amazingtours sem snýr að snjósleðaferðum undir óskráðu vörumerki Snowmobile Tours á suðurhluta Langjökuls en önnur starfsemi Amazingtours verði rekin áfram í félaginu eftir viðskiptin í samkeppni við aðra aðila á markaðnum. Með hliðsjón af framangreindu er að mati Samkeppniseftirlitsins um að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
3. Með samrunatilkynningu fylgdi beiðni um undanþágu til þess að framkvæma samrunann, sbr. 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Skilyrði undanþágu voru uppfyllt að mati Samkeppniseftirlitsins og slík undanþága veitt hinn 14. desember 2023.
4. Í samrunaskrá kemur fram Viking hafi fyrir viðskiptin verið í fullri eigu Straumhvarfs ehf. („Straumhvarf“), en Straumhvarf sé dótturfélag Arctic Adventures hf. („Arctic Adventures“) Straumhvarf hafi jafnframt fyrir viðskiptin verið hluthafi í Amazingtours, en félagið átti 39,62% hlut í félaginu, á móti Jóni Inga Dardi, sem átti 21,23% hlut, Jóni Kristni Jónssonar, sem átti 21% hlut, og Arctic Sequentia ehf. („Arctic Sequentia“), sem átt 18% hlut. Félagið var undir sameiginlegum yferráðum hluthafanna. Í kjölfar samrunans verður hið selda, þ.e. snjósleðarekstur Amazingtours, í 100% eigu Viking Car Rental, en jafnframt sé gengið út frá því að Jón Ingi Dardi verði minnihluta eigandi í Viking Car Rental í framhaldi af viðskiptunum að sögn samrunaaðila.
5. Í samrunaskrá kemur fram að Viking sé einkahlutafélag sem hafi verið stofnað í nóvember 2015. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum félagsins sé rekstur lista- og menningartengdrar ferðaþjónustu, einnig rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Félagið er dótturfélag Straumhvarfs, en engin velta var í félaginu árið 2022 samkvæmt ársreikningi. Viking fari ekki með yferráð yfir neinu félagi. Þá sé Viking í óbeinni eigu Arctic Adventures í gegnum Straumhvarf.
6. Arctic Adventures sé ferðaskipuleggjandi og eitt af leiðandi fyrirtækjum í ferðaþjónustu á Íslandi sem býður upp á afþreyingarferðir um allt land. Saga félagsins nái til ársins 1983 og rekur starfsstöðvar í Silfru, við Sólheimajökul og í Skaftafelli fyrir jöklagöngur og íshellaferðir,



á og rekur Into the Glacier í Langjökli, meirihlutaeigandi í Raufarhólshelli ásamt því að eiga og reka þrjú hótél. Straumhvarf, dótturfélag Arctic Adventures, bjóði upp á afþreyingar- og ævintýraferðir hér á landi, einkum fyrir erlenda ferðamenn. Meginstarfsemi Straumhvarfs felist í framkvæmd ferða sem byggist á afþreyingu í einn dag, eða hluta úr degi, og ferðum með gistingu sem taki frá tveimur og upp í sjö daga. Helstu afþreyingarnar séu gönguferðir, jöklaganga, norðurljósaferðir, gullnahringsferðir, köfun með snorklu og hellaferðir. Ferðir með gistingu séu hringferðir um Ísland eða hluta landsins svo sem ferðir um Vesturland og Suðurland. Hluti ferðanna hafi verið framkvæmdar af Straumhvarfi en jafnframt hafi önnur dótturfélög Arctic Adventures komið að framkvæmd þeirra.

7. Amazingtours starfi við og selji ferðmönnum fjalla-, ævintýra- og hvataferðir. Starfsfólk félagsins sé um 35 talsins þegar mest lætur. Skrifstofa fyrirtækisins sé í Reykjavík en þar sé auk þess verkstæði og flotastöð og geri Amazingtours út frá Bláskógabyggð þar sem megi finna vinsælan veitingastað, tjaldsvæði og skiptistöð fyrir ferðamenn. Einnig reki Amazingtours jöklaskála í Langjökli að sögn samrunaaðila. Að auki snúi starfsemi félagsins að rekstri söluskrifstofu fyrir ferðir sínar og annarra, verkstæðisrekstri, rekstri jöklaskála og veitingastaðar á starfsstöð. Helstu starfssvæði Amazingtours séu Þórsmörk, Landmannalaugar, Gullni hringurinn (Suðurland), Reykjanes, suðurstönd landsins og Kerlingarfjöll.
8. Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að starfsemi þeirra skarist einkum á markaði fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum fyrir ferðamenn hérlendis, en þá markaðsskilgreiningu hafi Samkeppniseftirlitið notast við í fyrri samrunamálum sem varða þessa sömu starfsemi.¹ Að sögn samrunaaðila séu vísbendingar um að staðganga sé á milli ólíkra ferða sem skipulagðar séu hérlendis af samrunaaðilum og öðrum, svo sem fjalla- og jöklaferða, yfirborðs- og djúpköfunarferða, og flúðasiglinga. Samrunaaðilar telja hins vegar ekki þörf á að taka nánari afstöðu til þessa eða hvort forsendur séu til að greina markað fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum í frekari undirmarkaði, enda hafi það ekki áhrif á niðurstöðu málsins að þeirra mati.² Þannig er það samrunaaðila að markaður málsins sé sala og framkvæmd á skipulögðum ferðum á Íslandi, og landfræðilegur markaður sé Ísland.
9. Um lárétt áhrif samrunans segja samrunaaðilar að erfitt sé að áætla samanlagða markaðshlutdeild samrunaaðila svo marktækt geti talist. Miðað við fjölda ferðamanna megi örugglega áætla að hún sé undir 5%. Er það mat samrunaaðila miðað við fyrirliggjandi upplýsingar að sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila geti aldrei talist slík að hið sameinaða félag komist í markaðsráðandi stöðu, hún sé að styrkjast eða samkeppni að raskast með umtalsverðum hætti.
10. Í máli þessu byggir niðurstaða Samkeppniseftirlitsins á upplýsingum frá samrunaaðilum í samrunaskrá, fylgigögnum, og öðrum fyrirliggjandi upplýsingum um viðkomandi markaði. Er

¹ Samrunaaðilar vísa einkum í ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2017, Samruni Arctic Adventures hf. og Extreme Iceland ehf., ákvörðun nr. 12/2019, Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í félögum í ferðabjónustu, ákvörðun nr. 5/2020, Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Raufarhól ehf., og ákvörðun 19/2021, Kaup Alfa hf., SF VII ehf. og Eldeyjar HoldCo ehf. á Kynnisferðum ehf., Eldey THL hf. og dótturfélögum þeirra, svo einhver dæmi séu nefnd. Í þessu samhengi vísa aðilar jafnframt sérstaklega til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2019, Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Into the Glacier ehf. og fleiri félögum í ferðabjónustu, en í því máli var niðurstaða eftirlitsins sú að samrunaaðilar starfi á mörgum sviðum ferðabjónustu á Íslandi þar sem markaðurinn sé sala og framkvæmd á skipulögðum ferðum á Íslandi. Í ákvörðuninni benti Samkeppniseftirlitið á að mögulega mætti skipta mörkuðum niður í undirmarkaði eftir því hvers eðlis ferðin væri en ekki var talin ástæða til að skilgreina markaðinn frekar en dagsferðir og styttri ferðir fyrir ferðamenn á Íslandi.

² Samrunaaðilar benda einnig á í samrunaskrá að mögulega sé unnt að greina sérstakan markað fyrir rekstur sölutorgs fyrir skipulagðar ferðir þar sem samkeppni yfirmarkaðarins, þ.e. sölu og framkvæmd skipulagðra ferða, eigi sér að mestu stað. Þannig séu margir starfandi á markaði fyrir sölu og framkvæmd skipulagðra ferða sem reki sinn eigin söluvef og þar sem er í flestum tilvikum boðið upp á fjölbreytt úrval ferða, bæði ferða sem þeir aðilar framkvæmi sjálfir sem og ferðir sem aðrir framkvæmi. Sölutorg og ferðaskrifstofur séu milligönguaðilar á milli endanotenda og aðila á markaði fyrir sölu og framkvæmd skipulagðra ferða, og taki þóknun fyrir sölu ferða.



enda um að ræða einfalda málsmeðferð á grundvelli styttri tilkynningar samrunaaðila. Samkeppniseftirlitið tekur ekki formlega afstöðu til markaðsskilgreininga samrunaaðila sem er þó studd fyrri framkvæmd, þar sem þess er ekki þörf enda hefur það ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins.

11. Samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim mörkuðum og sú samþjöppun sem af samrunanum leiðir samkvæmt fyrirliggjandi gögnum gefur að mati Samkeppniseftirlitsins ekki tilefni að telja að samrunaaðilar búi yfir markaðsráðandi stöðu eða hún falli þeim í skaut í kjölfar samrunans. Á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfi á eru auk þess mörg fyrirtæki starfandi. Fyrir utan takmörkuð lárétt áhrif samrunans gefa gögn málsins ekki til kynna möguleg skaðleg áhrif samrunans, þ.e. lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif, sem krefjist frekari rannsóknar. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekkert í fyrirliggjandi upplýsingum eða gögnum málsins bendi til þess að samruninn myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu, eða hann raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

I. Ákvörðunarorð

„Kaup Viking Car Rental ehf. á hluta reksturs Amazingtours ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson